



Akureyrarbær

# Menntastefna Akureyrarbæjar 2020-2025

## Inngangur

Það er hlutverk Akureyrarbæjar að vinna að velferð og framförum barna, tryggja þeim öruggt námsumhverfi og skapa góðar aðstæður fyrir skapandi og framsækið skólastarf. Allt skólastarf byggir á stefnu yfirvalda um menntun fyrir alla.

Í aðalnámskrá sem kom út árið 2011 varð umtalsverð stefnubreyting í menntun barna þar sem bæði nám og námsmat skyldi byggt á hæfniviðmiðum. Sveitarfélögum er ætlað að undirbúa börn fyrir líf og starf í breytilegum heimi þar sem vandasamt getur verið að spá fyrir um hvers konar samfélag eða aðstæður er verið að búa þau undir. Hröð tækniþróun undanfarinn áratug ræður þar mestu og birtist í samfélagsbreytingum sem lúta að börnum og þeirra umhverfi.

Af innlendum og erlendum úttektum má ráða að þau lög sem gilda í landinu um skólastarf og sú stefna sem birtist í aðalnámskrá mynda traustan grunn fyrir skólastarf. Viðfangsefni sveitarfélaganna er að veita stuðning við að innleiða áherslurnar og fylgja eftir með samstarfi, endurmenntun, starfsþróun og stuðningi.

Við mótun menntastefnu Akureyrarbæjar voru nemendur, kennarar, foreldrar, skólastjórnendur, sveitarstjórnarmenn, fulltrúar atvinnulífsins og sérfræðingar kallaðir til samráðs. Í máli allra þessara aðila var áherslan á að hlusta bæri á raddir barna og koma til móts við einstaklingsbundnar þarfir þeirra. Öll börn skulu eiga kost á gæðastarfi og vönduðum starfsháttum í frístund, leikskólum, grunnskólum og tónlistarskóla sveitarfélagsins. Einnig kom fram mikilvægi þess að nemendur fái hvatningu og stuðning til að taka farsælar ákvarðanir um eigið líf og öðlast hæfni til að standa jafnfætis öðrum börnum í heiminum. Með þeim hætti verði þau búin undir að lifa og starfa í samfélagi með víðtæk alþjóðleg tengsl með virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum sem og heiminum í kringum sig með sjálfbærni að leiðarljósi.

Úr rannsóknarsamfélaginu er lögð megináhersla á að skólasamfélagið sjái þann fjársjóð sem býr í því að mæta þörfum barna og hlusta á raddir þeirra. Tryggja þarf að nám og kennsla miði að því að nemendur verði færir til að stunda frekara nám og þátttöku í samfélaginu. Um þetta ríkir einhugur. Kennarar og stjórnendur eru í lykilhlutverki við framkvæmd menntastefnunnar og er stuðningur skólayfirvalda í bænum við þau í starfi forsenda fyrir innleiðingu hennar.

Á haustmánuðum 2017 komu fulltrúar fræðsluviðs, Miðstöðvar skólaþróunar Háskólans á Akureyri og fræðsluráðs til fundar vegna vinnu við endurskoðun skólastefnu Akureyrarbæjar. Þá var hafin vinna við að afla gagna frá öllum aðilum skólasamfélagsins. Fræðslustjóri ásamt starfsfólki af fræðsluskrifstofu hittu fulltrúa nemenda, starfsfólks og foreldra úr öllum skólum og lögðu fyrir tvær meginspurningar: 1. Hvað er það sem gengur vel í skólastarfi og 2. hvað er það sem betur má fara? Skráð voru niður svör og tillögur sem MSHA vann úr. Starfshópur skipaður skólastjórum kom að vinnunni og að lokum hópur skipaður fulltrúum fræðsluráðs, skólastjóra leik- og grunnskóla og ungmennaráðs.

## Staðan við upphaf menntastefnu

Svo fylgja megi eftir framgangi og innleiðingu menntastefnunnar hefur gögnum um stöðu skólastarfs á Akureyri og þróun þess verið safnað saman. Hér er einkum átt við niðurstöður úr lesferliprófum Menntamálastofnunar, samræmdum könnunarprófum, stöðluðum skimunum og PISA-prófum. Einnig verður stuðst við tölulegar upplýsingar um skólastarf, starfsáætlanir skólastofnana, starfsþróunaráætlanir, ytra mat, innra mat, ársskýrslur ofl. Núverandi staða skólastarfs er hluti af menntastefnunni.

---

## „Með heiminn að fótum sér“

Kappsmál er að skólastarf hjá Akureyrarbæ sé framúrskarandi þar sem tekið er tillit til allra barna. Allir sem að menntun barna koma hafa tiltrú á að öll börn geti lært og tekið framförum. Fjölskyldur og skólasamfélagið sýna samstöðu í verki um að vönduð menntun sé lykill að góðu samfélagi.

Í skólum Akureyrarbæjar öðlast börn hæfni til að taka farsælar ákvarðanir um eigið líf. Til þess fá þau stuðning og hvatningu sem gerir þau hæfari til að lifa og starfa, hvort sem er í íslensku eða í alþjóðlegu samfélagi.

Með heiminn að fótum sér er leiðarstef menntastefnu Akureyrarbæjar í þeim skilningi að með samstilltu átaki verði grunnurinn lagður að því að börnum verði flestir vegir færir og að þau geti við lok grunnskólans valið sér leið í samræmi við áhuga og þarfir.

Skólasamfélagið vinnur að framtíðarsýn sveitarfélagsins með fyrirheitum um að:

- Setja markið hátt og vinna saman að því að auka stöðugt gæði leiks, náms og kennslu.
- Starfa af metnaði, ábyrgð og umhyggju.
- Starfshættir í skólum Akureyrarbæjar verði öðrum fyrirmynd.
- Koma fram við börn af virðingu og tiltrú og gera skýrar væntingar til þeirra.

Meginmarkmið stefnunnar er að börnum séu skapaðar aðstæður til að geta sem fullorðnir einstaklingar borið ábyrgð á eigin menntun, heilbrigði og velferð.

Grunnþættir menntunar eru leiðarljós í öllu skólastarfi. Þeir varða leiðina að því marki að börn verði sífellt færari um að bera ábyrgð á eigin heilbrigði og velferð, séu læs á umhverfi sitt, séu skapandi og beri virðingu fyrir jafnrétti, lýðræði og mannréttindum. Börn fá tækifæri til að reyna á eigin skinni hvernig þau geta mótað umhverfi sitt og haft áhrif á sjálfbærni í veröldinni allri.

Áherslur Barnasáttmála og heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna birtast með skýrum hætti í námi, leik og starfi enda skuli menntun beinast að því að rækta persónuþætti, hæfni og trú á eigin getu.

Frá fyrstu skrefum barna í leikskólum Akureyrarbæjar til loka grunnskólagöngu er grunnurinn lagður að hæfni þeirra til að bera ábyrgð á eigin námi, tjá og miðla, skapa og gagnrýna, sýna sjálfstæði en jafnframt færni til að vinna með öðrum. Þannig hafi menntastefnan skýra vísun í lykilhæfni aðalnámskrár.

Mikilvægt er að skólar Akureyrarbæjar í samvinnu við heimilin styðji börn í að takast á við viðfangsefni sín með bjartsýni og þrautseigju að vopni svo hvert og eitt þeirra taki framförum í hverju skrefi.

## Samfélagssáttmáli

Menntastefna Akureyrarbæjar er samfélagssáttmáli um skólastarf, áherslur og starfshætti, ekki síst hvernig starfshættir skólanna þurfa að þróast í takt við þær hröðu og miklu samfélagsbreytingar sem

eiga sér stað þessi árin. Sátt þarf að vera um að starfsfólk skólanna taki nauðsynlegar ákvarðanir í daglegu skólastarfi sem hafa mótandi og farsæl áhrif á velferð og framfarir barna.

Fyrirséð er að starfshættir skóla þarfnast endurskoðunar í ljósi þess að áherslur skólastarfs eru í ríkara mæli en áður á nýtingu þekkingar og tækni, vinnu með öðrum, sköpun og lausnamiðun og gagnrýna hugsun. Aldrei hefur mikilvægi þess verið meira en nú að börn tileinki sér grundvallardýggðir og viðurkennd samfélagsgildi. Til að svo megi verða þarf skólastarf Akureyrarbæjar að vera framsækið þar sem tekið er mið af rannsóknum í menntun, bæði innlendum sem erlendum.

Bæði skólar og foreldrar verða að taka höndum saman um að vinna að velferð og framförum barna og eiga um það opinskátt og heiðarlegt samtal hvaða stuðning börn þarfnast.

Menntastefna Akureyrarbæjar hvetur menntastofnanir til þess að vera framsæknar, mæta þörfum barna og leggja megináherslu á gæði við skipulag leiks, náms og kennslu.

Að áhrif stefnunnar verði til þess að fjölskyldur finni að verið sé að taka ákvarðanir út frá þörfum barnanna og að starfshættir séu í samræmi við þroska þeirra, áhuga, hæfileika og sköpunargleði.

## Lykilþættir

Við framkvæmd og innleiðingu menntastefnu Akureyrarbæjar liggja þrjú þættir til grundvallar:

1. Framúrskarandi starfshættir
2. Leikur, nám og kennsla
3. Stjórnun og fagleg forysta

Við innleiðingu stefnunnar skulu allar aðgerðar vera kerfisbundnar, tímasettar og metanlegar.

## Framúrskarandi starfshættir

Framúrskarandi starfshættir byggja á sameiginlegri sýn og gildum auk gæðaviðmiða um áreiðanlega starfshætti sem hver skóli setur sér. Þeir lýsa sér í stöðugum umbótum og starfsþróun sem tekur mið af stöðu nemenda, velferð þeirra og framförum. Fjölbreytt gögn um stöðu barna eru markvisst notuð til að vakta framfarir.

Reglubundið innra og ytra mat á skólastarfi er framkvæmt í öllum skólum og brugðist við með úrbótum ef þurfa þykir. Mat á starfsháttum, velferð og framförum skal vera óaðskiljanlegur þáttur í daglegu starfi skólanna og er ein af forsendum þess að skólastarf geti talist framúrskarandi.

Akureyrarbær hefur ríkan metnað til þess að í hverjum skóla starfi hæft og öflugt fólk og að eftirsóknarvert sé að starfa þar. Stuðningur skólayfirvalda við starfsþróun leikur þar stórt hlutverk.

## Leikur, nám og kennsla

Leikur, nám og kennsla eru þungamiðja skólastarfs. Starfshættir kennara taka mið af gæðaviðmiðum í skólum þar sem hæfniviðmið og hæfnimiðað námsmat er grunnur að öðru. Læsi, samþætting

námsgreina og sköpun eru í fyrirrúmi í námi barna. Umfram allt verða allir sem að menntun barna koma að hafa og sýna í verki óbilandi trú á að hvert barn geti tekið framförum og unnið að eigin velferð.

Brugðist er hratt við og viðeigandi úrlausnir fundnar svo koma megi sem fyrst til móts við ólíkar þarfir barna. Áhersla er lögð á að slík vinna miði ávallt að því að aðgreining verði sem minnst og stöðugt hugað að því að bæta almenna kennsluhætti og námsumhverfi. Öflugt samstarf skóla-, félags- og heilbrigðisþjónustu og annarra fagaðila sem koma að þjónustu við barnafjölskyldur er mikilvægt.

Áhersla er lögð á stafrænt læsi og nýtingu tækni, samþættingu námsgreina og heildstæða nálgun í námi barna. Vefmiðlar og upplýsingatækni eru nýtt með það að markmiði að hjálpa börnum til að verða virkir þegnar í alþjóðlegu samfélagi.

Leikur, nám og kennsla eru hæfnimiðuð, leiðsagnarnám er haft í fyrirrúmi og megináhersla er lögð á framfarir hvers og eins. Verkviti er gert hátt undir höfði til þess að börn nái í síauknum mæli að tengja saman hug og hönd í skapandi umhverfi.

### **Stjórnun og fagleg forysta**

Skólastjórnendur bera ábyrgð á skólastarfi og veita skólum faglega forystu. Stjórnendur bera meginábyrgð á því að menntastefna sveitarfélagsins birtist í daglegu starfi.

Stjórnun skóla einkennist af samvinnu, þátttöku, trausti og virðingu í samskiptum við alla aðila skólasamfélagsins. Stjórnun byggir á lýðræðislegu samstarfi við börn, fjölskyldur og starfsfólk. Starfsfólk á frumkvæði að samstarfi við heimili og vinnur að þróun leiða sem taka mið af ólíkum þörfum, menningu og reynslu barna og fjölskyldna þeirra.

Skólastarf hjá Akureyrarbæ ber merki öflugs lærdómssamfélags undir forystu skólastjóra.

Fagleg forysta stjórnenda styður markmiðs- og árangursmiðaða starfshætti sem drífa áfram stöðugar umbætur.

Skipulag skóla gerir ráð fyrir samvinnu starfsfólks, sveigjanleika í skipulagi, teymiskennslu og samþættingu námsgreina. Auk þess byggir skipulagið á fjölbreyttri samvinnu við börn þar sem hlustað er á raddir þeirra.

Reglubundið samstarf er á milli skólastiga og menntastofnana, sem og við aðrar stofnanir og fyrirtæki. Á sama tíma er öflugt samstarf við listamenn, íþróttafélög og þá sem standa að menningarviðburðum, félagsmálum og félagsstarfi. Litið er svo á að allar þessar samfélagsstoðir myndi eina heild sem við köllum skólasamfélag.

Samþykkt í fræðsluráði Akureyrarbæjar 18. maí 2020

Samþykkt í bæjarstjórn Akureyrarbæjar 2. júní 2020